



Fundur háskólaráðs 20. nóvember 2000

Fundargerð

Málsnúmer: HI00020043
Málalýklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 15.11.2000 14:19:13
Dags: 20.11.2000

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbyggingu (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

16/2000

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2000, mánudaginn 20. nóvember var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30.

1. Bókuð erindi

- 1.1 Umsögn háskólafundar 16.-17. nóvember 2000 um tillögu háskólaráðs að breytingu á 10. gr. reglugerðar um Háskóla Íslands nr. 458/2000. (Skjal: Háskólafundur 16.-17. nóvember 2000. Dagskrárliður 4.1. Tillaga háskólaráðs um breytingu á 10. gr. reglugerðar).
Háskólafundur samþykkti einróma að mæla með því við háskólaráð að það staðfesti óbreytta þá tillögu að breytingu á 10. gr. reglugerðar sem lá fyrir fundinum. Breyting á 10. gr. reglugerðar samþykkt einróma.
- 1.2 Tillaga um breytingu á 4. mgr. 4. gr. reglugerðar: Sem afleiðingu af breytingu á 10. gr. reglugerðar nr. 458/2000 er lagt til að 4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar falli brott.
Skýring: Í 4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar er ákvæði um að framkvæmdastjórar kennslu- og fjármálasviðs sitji fundi háskólaráðs án atkvæðisréttar. Í ljósi breyttrar 10. gr., þar sem gert er ráð fyrir mun meiri sveigjanleika í skipulagi hinnar sameiginlegu stjórnarsýslu en áður, er óeðlilegt að binda setu framkvæmdastjóra tiltekinna sviða í háskólaráði. Samþykkt einróma.
- 1.3 Umsögn háskólafundar 16.-17. nóvember 2000 um nafnleynd í prófum, sbr. beiðni háskólaráðs þar um á fundi ráðsins 19. október 2000. (Skjal: Háskólafundur 16.-17. nóvember 2000. Dagskrárliður 4.2. Mál til umsagnar háskólafundar. Um nafnleynd í prófum, sbr. bréf kennslusviðs, dags. 30. október 2000).
Háskólafundur samþykkti samhljóða með lófataki að mæla með því við háskólaráð að aftan við 1. málslíð 3. mgr. 58. gr. reglugerðar fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000 bætist “en deild getur sett reglur um undanþágu frá þessu meginákvæði”.
Málslíðurinn í heild svo breyttur orðist þá:
“Skriflegar prófurlausnir skulu merktar prófnúmerum og einkunnir birtar undir sömu auðkennum, en deild getur sett reglur um undanþágu frá þessu meginákvæði”.
Samþykkt einróma.
- 1.4 Bréf frá Guðlaugu Vilbogadóttur, skrifstofustjóra hjúkrunarfræðideildar, er varðar mat á lífeðlisfræðinámi Margrétar Felixdóttur frá Nýja hjúkrunarskólanum. Deildin hafnar erindinu. Úrskurður deildarinnar var staðfestur með 6 atkvæðum gegn 2 atkvæðum fulltrúa stúdenta.

2. Mál á dagskrá

- 2.1 Fjármál og skipting fjárveitinga.
Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar og gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði um skiptingu fjárveitinga á árinu 2001, og niðurstöðu

útreikninga á fjölda virkra nemenda á háskólaárinu 1999/2000 sem er grunnur fyrir uppgjöri á fjárveitingu ársins 2000. Þá eru á minnisblaðinu 6 forsendur sem háskólaráð þarf að taka afstöðu til svo að ákvörðun um vinnubrögð við skiptingu fjárveitinga liggi fyrir þegar fjárlög verða afgreidd.

Málið var rætt ítarlega og þá sérstaklega tillaga um breytt deililíkan vegna kennslu og nýtt deililíkan vegna rannsókna. Ingjaldur svaraði fjölmörgum fyrirspurnum sem fram komu.

3. Önnur mál

- 3.1 Rætt var um háskólafundinn í síðustu viku og þá lærdóma sem af honum má draga.

Fleira var ekki gert
Fundir slitið kl. 16:00